

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/959  
komudagur 4.3.2005



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík  
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.stjr.is  
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 3. mars 2005

Tilvísun: MMR04110384/0.4.3/EE/--

Menntamálaráðuneytinu hefur borist beiðni dags. 22. nóvember 2004 um umsögn við tillögu til þingsályktunar um sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, 24. mál. Meðfylgjandi er umsögn ráðuneytisins.

F.h.r.

  
Karl Kristjánsson

  
Eygló Eyjólfsson

# Nýtt skjal

3. mars 2005

Málsnúmer	<b>MMR04110384</b>
Stofnun	<b>Alþingi</b>
Nafn	<b>Elín Valdís Þorsteinsdóttir</b>
Tegund skjals	<b>Umsögn</b>
Bréfalykill:	<b>0.4.3</b>
Málsnúmer frá Form.is	
Efni	<b>Umsögn frá menntamálaráðuneyti til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, tillögu til þingsályktunar um sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, 24. mál</b>

Ráðuneytið tekur undir að börn sem búa við geðrænan og félagslegan vanda geti þurft sérhæfða kennslu og meðferð. Í þéttbýli eru úrræði fyrir hendi en á landsbyggðinni gengur erfiðlegar að koma til móts við þarfir þessa hóps. Flutningsmenn tillögunnar leggja til að vanda Suðurlands sé mætt með sérkennslu- og meðferðardagdeild við Sjúkrahús Suðurlands fyrir börn sem fá þar dagvistun og næsti grunnskóli sjái um kennsluna á deildinni..

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að ríkið greiði meðferð og kennslu barna á meðferðarheimilum. Rétt er að ríkið fjármagnar meðferð en greiðsla fyrir kennslu kemur frá viðkomandi sveitarfélögum vegna barna á grunnskólaaldri og frá menntamálaráðuneyti vegna ungmenna 16-18 ára. Barnaverndarstofa hefur umsýslu með höndum.

Ráðuneytið leggur áherslu á að skýr greinarmunur sé gerður á meðferð og kennslu þótt báðir þættir séu væntanlega forsendur árangurs. Fjárhagslega er greinarmunurinn skýr; yfirvöld heilbrigðis- og félagsmála sjá um meðferð en sveitarfélög og yfirvöld menntamála fjármagna kennslu.

Í lögum um grunnskóla nr 66/1995 segir í 37. grein:

*Börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2.gr. laga nr. 59/1992, eiga rétt á séstökum stuðningi í námi. Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla. Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.*

Þá segir í 38. grein:

*Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma og veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning*  
*Menntamálaráðherra staðfestir starfsreglur sérdeilda/sérskóla að fengnum tillögum sveitarstjórna. Í starfsreglum skal kveðið á um frávík frá almennri námskrá og öðrum viðmiðunum laga um grunnskóla.*

Meginstefna laga er augljóslega skóli án aðgreiningar. En fáir nemendur ekki kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild heimila lögin sérhæft námsumhverfi. Ef stofnuð verður

meðferðardagdeild með fulltingi heilbrigðisyfirvalda, mun menntamálaráðuneytið ekki vera því mótfallið að kennsla fari fram inni á deildinni og mun samþykkja starfsreglur hennar ef þær fylgja viðmiðunum námskrár og laga. Verði ungmenni á framhaldsskólaldri vistaðir í slíkri dagdeild mun menntamálaráðuneytið greiða fyrir kennslu þeirra hvort sem hún fer fram innan framhaldsskóla eða í viðkomandi meðferðardeild.

Menntamálaráðuneytið er því fyrir sitt leyti fylgjandi tillögunni.